

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 31. maí 2021 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, en þetta var 86. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

**Mætt voru:** Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Reynir Tómas Geirsson, orðanefndarmenn, og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

### 1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 85. fundar, sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

### 2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu tveir orðalistar, sem áður höfðu verið sendur nefndarmönnum til yfirferðar.

**Infection.** Listi með 49 færslum, þar sem enska heitið infection kom fyrir í samsettum heitum, var yfirfarinn lið fyrir lið og ítarlega ræddur. Ýmsar breytingar og endurbætur voru gerðar. Ein færsla taldist úrelt og var ákveðið að fella hana út úr safninu. JHJ tók að sér að ganga frá listanum til birtingar í Íðorðabankanum.

**Kvef.** JHJ kynnti stuttan lista með nokkrum dæmum um læknisfræðiheiti þar sem íslenska orðið „kvef“ kemur fyrir í samsettum heitum. Benti hann á að notkun þessa orðs væri hugsanlega úrelt í ýmsum gömlum heitum og að rækileg endurskoðun væri æskileg. Samtals væri um að ræða nærri 30 slík heiti í Íðorðasafni lækna. Listinn var síðan lauslega skoðaður og ákveðið var að taka öll slík heiti til nánari skoðunar á næsta fundi. JHJ mun taka saman þannig lista og senda nefndarmönnum.

### 3. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur var ráðgerður mánudaginn 14. júní. JHJ mun undirbúa fundinn og boða hann með tölvupóstskeytum.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.